

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.06.22	17:00	Lögberg 101	1
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rebekka Karlsdóttir	Katrín Björk Kristjánsdóttir/María Sól Antonsdóttir	22.06.22	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Dagur Kárason (Vaka)			
Kristmundur Pétursson fyrir Diljá Ingólfssdóttur (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Styrmir Hallsson fyrir Dagnýju Þóru Óskarsdóttur (Röskva)			
Sigríður Helga Olafsson (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
Draumeý Ósk Ómarsdóttir (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurþór Maggi Snorrason (<i>mætti 17:15</i>)(Röskva)			
Dagmar Óladóttir (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ</i>			
<i>Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ</i>			
<i>María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ (mætti 17:50)</i>			
<i>Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ (á teams)</i>			
<i>Harpa Sif Arnarsdóttir</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Elías Snær Torfason (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Ísak Kárason (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 22. júní 2022 í Lögbergi-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on March 10th 2022 in L-102 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:35

Announcements and issues ahead

4. Kynning á Aurora samstarfinu 17:35-18:00

Presentation on the Aurora collaboration

5. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:25

Code of practice of the Student Council

6. Hlé 18:25-18:35

Intermission

7. Skipun fulltrúa stúdenta í eftirfarandi nefndir háskólaráðs: skipulagsnefnd, ráð um málefni fatlaðs fólks auk áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd (atkvæðagreiðsla)

18:35-18:45

Appointment of a student representative to the University Council's Planning Committee, Council for Disability Rights and an observer in the Security Committee.

8. Önnur mál 18:45-19:00

Other issues

9. Bókfærð mál

Recorded issues

10. Fundi slitið 19:05

Meeting ends

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

- a. kl. 17:05

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð má finna í fundargögnum.
- b. Rakel Anna var með athugasemdir sem sneru að mestu að málfari og formlegheitum og spyr jafnframt hvert hlutverk Stúdentaráðs sé þegar kemur að fundargerðum. Rebekka svarar að fundargerð sé á ábyrgð framkvæmdastjóra en að allar ábendingar séu velkomnar.
- c. Atkvæðagreiðsla. **12 samþykkja og 2 sitja hjá.** Fundargerð samþykkt.

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

- a. **Samskipti við rektorsskrifstofu:** Forseti á reglulega fundi með rektor yfir starfsárið og fer yfir hlutverk og markmið þeirra.
- b. **Mánaðarlegir pistlar forseta á heimasvæðið:** Forseti upplýsir um að hún ætli sér að halda áfram þeim góða sið fyrrum forseta að setja inn mánaðarlega upplýsingapistla inn á Sharepoint Stúdentaráðs.
- c. **Störf á skrifstofunni:** Allir fulltrúar að koma sér inn í ný störf. Gengið hefur verið frá ráðningu framkvæmdastjóra og ritstjóra. Forseti fer yfir ráðningarferlið og gerir ráðningarnefndinni skil. Tvær umsóknir bárust í stöðu ritstjóra og tvær í stöðu framkvæmdastjóra. Staða framkvæmdastjóra var auglýst tvisvar sinnum. Í síðustu viku tilkynnti Þórdís Dröfn, sem ráðin hafði verið sem ritstýra, að hún sæi sér ekki fært um að halda áfram og því var haft samband við næsta umsækjanda sem var Lísa Margrét Gunnarsdóttir og er hún nýr ritstjóri Stúdentaráðs.
- d. **Opnunartími skrifstofu í sumar:** Stjórn hefur samþykkt styttri opnunartíma á skrifstofu Stúdentaráðs í sumar, hún verður opin frá 10-14 alla virka daga í júní og júlí ásamt því að í skoðun er að loka henni tímabundið í júlí v. sumarleyfa.
- e. **Erindi til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa:** Í samráði við þau sem báru upp tillöguna var ákveðið að leikskólamálin yrðu tekin úr tillögunni en erindið verður sent út á næstu dögum.
- f. **Háskólaþing:** Fór fram 8. júní sl. Á þinginu var farið yfir stöðu mála HÍ26, umræður um fyrirkomulag doktorsnáms við HÍ og nýir fulltrúar háskólans í háskólaráði kosnir.
- g. **Sjúkra- og endurtektarpróf á félagsvísindasviði:** Tillaga um sjúkra- og endurtektarpróf var samþykkt í háskólaráði en þó er málið ekki alveg komið í höfn og mikilvægt er að við séum enn þá á tánum.

- h. Félagsstofnun stúdenta:** Forseti SHÍ er með áheyrnarrétt í stjórn FS og mun forseti miðla upplýsingum þaðan til Stúdentaráðs. Ásamt forseta SHÍ eiga þrír fulltrúar stúdenta sæti í stjórn, Elísabet Brynjarsdóttir, Brynhildur Bolladóttir og Pétur Marteinn. Stjórnarfundur FS fór fram þann 10. júní. Þar kom meðal annars fram að það stæði til að hækka verð á heitum máltíðum í Hámu um 200 krónur. Þetta sé ekki gert í gróðaskyni heldur til þess að rétta halla stofnunarinnar af.
- i. Lilja Hrönn spyr hvort að einhver viti hvenær verðið hækkaði síðast og um hversu mikið verðið hækkaði þá. Einnig spyr hún hvort að þessi hækkun sé til frambúðar. Rebekka svarar að hún sé að athuga það og að henni skiljist að hækkunin sé til frambúðar.
 - ii. Rakel Anna spyr hvort að matarsporin sem unnið var að í fyrra muni hafa áhrif á verð og framboð. Einnig veltir hún upp þeirri hugmynd að matvörur sem eru með hærra kolefnisspor hækki meira í verði. Rebekka svarar að ekki séu komnar nánari útfærslur á þessu en að þetta sé eitthvað sem vert er að skoða.
- i. **Saga:** Von er á því að fyrstu íbúar flytji inn í febrúar. Það verða gluggatjöld í íbúðunum.
- i. Auður spyr hvernig aðgengið sé. Rebekka svarar að það séu íbúðir með aðgengi.
 - ii. Maggi spyr hvernig neðsta hæðin muni vera. Rebekka svarar að hún ætli að ítreka að nemendur hafi eitthvað um það að segja hvað verði á neðstu hæðinni. Einnig vilji hún fylgja því eftir að það verði Háma í Sögu og að stúdentum verði tryggður aðgangur að ódýrari mat.
- j. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hefur nú þegar fundað fjórum sinnum. Stjórn tók ákvörðun um tilnefningu fulltrúa SHÍ í stjórn BN á fundi sínum þann 6. júní og lagði í kjölfarið fram tillögu að verklagi í verklagsreglum við þessa skipan. Jessý Jónsdóttir og Rebekka Karlsdóttir taka þar sæti.
- k. **Skipan varafulltrúa í stjórn MSNm:** Varafulltrúi í stjórn Menntasjóðs námsmanna skal koma úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs skv. lögum SHÍ. Samkvæmt lögum MSN skal varafulltrúinn vera af öðru kyni en aðalfulltrúinn. Stjórn stúdentaráðs fundaði til að ræða útfærslu í ljósi aðstæðna og var ákvörðun tekin um að skipa varafulltrúa úr stjórn SHÍ og var Andri Már Tómasson skipaður varafulltrúi Maríu Sólar Antonsdóttur lánasjóðsfulltrúa í stjórn MSN.
- l. **Skipun í Stúdentasjóð og hlutverk sjóðsins:** Farið yfir fyrirkomulag í skipun stjórn Stúdentasjóðs og hlutverk sjóðsins.
- m. **Hagsmunaskrá Stúdentaráðs:** Öll sem starfa hjá Stúdentaráði gegna upplýsingaskyldu og þurfa því að fylla út hagsmunaskrá. Hagsmunaskráin er til þess

fallin að auka gagnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og verður hún birt á vef Stúdentaráðs, student.is.

- n. **Verklagsreglur og handbók Stúdentaráðs:** Er komin inn á Sharepoint. Tól allra meðlima Stúdentaráðs sem skal hafa innan handar. Forseti leggur áherslu á mikilvægi þess að kynna sér lög, verklagsreglur og handbók Stúdentaráðs.
 - o. **Stefnumótunarferð:** Mun fara fram þann 9. júlí í Hinu húsinu. Mikilvægi þess að fulltrúar mæti er ítrekað. Gjaldið er 2200 krónur sem er matar- og skemmtigjald.
 - i. Maggi spyr hvenær verði tilkynnt hvaða málefni verða rædd í stefnumótunarferðinni. Rebekka segir að það verði tilkynnt á næstu dögum.
 - p. **Næstu fundir Stúdentaráðs:** Lagt er til að júlí fundi Stúdentaráðs verði sleppt, þó með þeim fyrirvara að enginn mál komi upp sem þola ekki bið. Þetta gæti þó orðið til þess að það þyrfti að taka tvo fundi í sama mánuði seinna meir.
4. Kynning á Aurora samstarfinu 17:35-18:00

Presentation on the Aurora collaboration

- a. Harpa Sif verkefnastjóri Aurora samstarfsins fyrir Háskóla Íslands kynnir fyrir ráðinu hlutverk og markmið samstarfsins.
- b. Fundarritari bendir á upptöku fyrir nánari kynningu og umræður.
- c. Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ, fer yfir Aurora samstarfið og starf hennar sem alþjóðafulltrúa á réttindaskrifstofu SHÍ.
- d. Til skoðunar er að auka starfshlutfall hennar um 10% vegna starfa hennar í tengslum við Aurora samstarfið. Hafin er vinna að gerð Aurora student handbook. Alma hyggst sækjast eftir endurkjöri sem forseti nemendaráðs Aurora.
- e. Að lokinni kynningu verður mælendaskrá opnuð fyrir spurningar og umræður.
- f. Dagmar spyr út í mótvægisáðgerðir til að halda kolefnisspori vegna utanlandsferða í lágmarki. Harpa Sif segir að Aurora sé með Sustainable Campus Action Plan og segir frá Travel Code X. Það sé auðvelt að taka mið af því þegar ferðast er á meginlandi Evrópu en erfiðara fyrir HÍ að styðjast við slík viðmið. Eru að skoða að kolefnisjafna ferðir en HÍ hefur einnig hafið vinnu við að innleiða viðmið og varnagla. Reynt er að meta ávinning ferða og sleppa því að fara í ferðir sem hafa ekki mikinn ávinning. Segir að það væri gagnlegt að fá sjónarhól nemenda í þessu samhengi.
- g. Auður spyr hvernig sé staðið að auglýsingum samstarfsins til stúdenta. Harpa Sif segir það vera mikla áskorun að koma þessu á framfæri. Þau eru með HÍ síðu sem þau reyna að vísa á. Einnig senda þau tilkynningar á alla nemendur til að auglýsa viðburði og slíkt. Harpa Sif óskar eftir hugmyndum frá nemendum um hvernig hægt sé að koma þessu betur á framfæri. Alma bætir við að þau auglýsi með hóppóstum að hægt sé að skrá sig í Aurora stúdenta skemun.

- h. Auður spyr hvort að þetta sé allt saman frítt. Harpa Sif svarar að almennt séu þau ekki að rukka. Það hafi þó verið gert í einhverjum sumarskólum en þau vilja hverfa frá því. Hún minnst einnig á Virtual Campus Aurora og hvetur nemendur til að fylgjast reglulega með þar.

Harpa Sif yfirgefur fundinn kl. 18:10.

5. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:10-18:38

Code of practice of the Student Council

- a. Forseti fer yfir breytingartillögur og útskýrir breytingartillögur.
- b. Breytingar á verklagsreglum bornar upp til samþykktar. Þær má finna í fundargögnum og heimilt er að koma með athugasemdir fyrir fund eða á fundinum sjálfum.
- c. Forseti leggur til að kosið sé um breytingartillögurnar í heild sinni og svo kosið um verklagsreglurnar í heild sinni. Hægt að óska eftir því að einstaka tillaga sé tekin út fyrir sviga, þess er ekki óskað.
- d. Atkvæðagreiðsla um breytingartillöguna
 - i. 14 samþykkja. 0 sitja hjá. 0 eru á móti.
- e. Atkvæðagreiðsla um tillöguna í heild sinni.
 - i. 14 samþykk. 0 sitja hjá. 0 eru á móti.
- f. Tillagan er einróma samþykkt.

6. *Hlé 18:25-18:35*

Intermission

- a. Hlé tekið kl. 18:38-18:48.

Andri Már Tómasson yfirgefur fundinn kl. 18:48.

7. Skipun fulltrúa stúdenta í nefndir háskólaráðs: Skipulagsnefnd, ráð um málefni fatlaðs fólks auk áheyrnarfulltrúa í öryggisnefnd (atkvæðagreiðsla) 18:35-18:45

Appointment of student representative to the University Council's Planning Committee,

Council for Disability Rights and an observer in the Security Committee.

- a. Forseti leggur til að þessi fundarliður sé lokaður. Kosið um þá tillögu:
 - i. 13 samþykkja. 0 sitja hjá. 0 eru á móti.

Styrmir Hallsson vísar af fundinum

- b. Umsóknir voru teknar til umræðu og afgreiðslu.
- c. Í ráð um málefni fatlaðs fólks hlutu þau Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Styrmir Hallsson.

Styrmir Hallsson kemur aftur inn á fund

- d. Umsóknir voru teknar til umræðu og afgreiðslu.
- e. Í skipulagsnefnd hlaut Sindri Freyr Ásgeirsson kjör sem fulltrúi stúdenta.

8. Önnur mál 18:45-18:55

Other issues

- a. Engin mál bárust fyrir fundinn.
- b. Stúdentaráðsliðum gefið færi á að leggja fram önnur mál.
- c. Brynhildur spyr hvort að það séu ekki allir spenntir fyrir stefnumótunarferðinni og fær góðar undirtektir.

9. *Bókfærð mál*

Recorded issues

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál. Samkvæmt d-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs:
- b. Nýr fulltrúi í frumkvöðla- og nýsköpunarnefnd. Dagur Kárason hefur tilkynnt úrsögn úr nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ. Í hans stað tekur Bjarki Leó Snorrason sæti í nefndinni.

10. Fundi slitið kl. 19:05